

Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu og áfangamat


Haustönn 2021

Kennslu- og áfangmat í dagskóla haustið 2021 var framkvæmt dagana 12. – 23. nóvember að báðum dögum meðtöldum. Reyndar átti því að ljúka þann 22. en til að freista þess að auka þátttöku var það framlengt um einn dag. Kennslumatið er hluti sjálfsmats sem framkvæmt er á hverri önn samkvæmt gæðamarkmiðum sem skólinn hefur sett sér. Það þarf eitthvað stórt eins og heimsfaraldur til að því sé sleppt eins og gerðist á vorönn 2020 sem er hingað til eina önnin þar sem kennslumatið féll alfarið niður. Þessa haustönn hefur skólastarf verið eðlilegt að mestu, þó með þeim annmörkum að við höfum búið við grímuskyldu að hluta og að félagsstarf nemenda hefur áfram verið í lágmarki vegna samkomutakmarkana.

Að þessu sinni voru metnir áfangar í dönsku, þýsku, spænsku og listgreinum auk þess sem nokkrir áfangar nýrra kennarar voru metnir. Alls voru þetta 44 áfangar (69 hópar) og 25 kennarar. Áfangana má sjá í eftirfarandi töflu:

AÐST2AM02	ÍSLE2BS05	SAGA2LS05
DANS1GR05	ÍSLE2GM05	SASK2SS05
DANS1UN05	ÍSLE2MR05	SJÚK2GH05
DANS2RM05	ÍSLE2MR05	SPÆN1AF05
ENSK1GR05 (H-2)	ÍSLE3BÓ05	SPÆN1AG05
ENSK2LO05 (H-5)	ÍSLE3NB	SPÆN1AU05
FATA1SS05	ÍSTA1AF05	STÆR1GR05 (H-4)
ÍSAN1GR05	ÍSTA1AG05	STÆR1UN05 (H-3)
ÍSAN1UN05	KVIK2HS05	TÓNS1TS03
ÍSAN2BS05	KVMG1ST05	TÓNS2MI03
ÍSAN2GM05	MASK2SV03	VIBS2KU03
ÍSAN3BÓ05	MYNL1MG05	ÞÝSK1AF05
ÍSAN3NB05	MYNL2LI05	ÞÝSK1AU05
ÍSLE1GR05	MYNL2ÞV05	ÞÝSK1AG05
ÍSLE1UN05	NÝSK2HH05	


Nemendur sem voru skráðir í þessa áfanga voru alls 1012 og af þeim bárust svör frá 470 eða 46,4%. Markmiðið var sett á 50% og leitt að það náðist ekki þrátt fyrir að mikil áhersla hafi verið lögð á að minna nemendur á könnunina meðan hún stóð yfir. Þetta er nákvæmlega sami árangur(!) og á síðustu önn og því ljóst að halda þarf áfram að leita allra leiða til að auka þátttökuna.




Niðurstöður:

Hér á eftir fara niðurstöður spurninganna settar fram á myndrænan hátt. Einungis eru skoðaðir þeir sem afstöðu taka en í flestum spurningum voru nokkrir (yfirleitt 1 – 5%) sem ekki tóku afstöðu. Glöggir lesendur gætu tekið eftir að á nokkrum stöðum er samtala þeirra sem svörðu hærrí en 470. Það helgast af því að sumir áfangar eru með fleiri en einn kennara og þá gátu nemendur svarað oftari (einu sinni fyrir hvern kennara).


Þessi áfangi er vel skipulagður.		
Mjög sammála	230	50%
Frekar sammála	180	39%
Frekar ósammála	39	8%
Mjög ósammála	15	3%




Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.		
Mjög sammála	240	52%
Frekar sammála	173	38%
Frekar ósammála	30	7%
Mjög ósammála	15	3%




Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.		
Mjög sammála	236	50%
Frekar sammála	151	32%
Frekar ósammála	44	10%
Mjög ósammála	38	8%




Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir		
Mjög sammála	172	38%
Frekar sammála	201	45%
Frekar ósammála	59	13%
Mjög ósammála	18	4%




Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr		
Mjög sammála	294	56%
Frekar sammála	167	32%
Frekar ósammála	46	9%
Mjög ósammála	14	3%




Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.		
Mjög sammála	255	52%
Frekar sammála	177	36%
Frekar ósammála	36	8%
Mjög ósammála	20	4%




Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni		
Mjög sammála	221	44%
Frekar sammála	181	36%
Frekar ósammála	69	14%
Mjög ósammála	31	6%



Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.		
Mjög sammála	281	56%
Frekar sammála	174	35%
Frekar ósammála	34	7%
Mjög ósammála	14	3%



Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.		
Mjög sammála	183	41%
Frekar sammála	145	32%
Frekar ósammála	63	14%
Mjög ósammála	58	13%



Samanburður milli ára

Skýrslur um kennslumat eru gerðar á hverri önn og birtar á heimasíðunni. Til að fá samanburð er því auðvelt að opna eldri skýrslur og rýna þær. Hér á eftir fer til hægðarauka samanburður milli ára þar sem spurningar eru flokkaðar og einkunnir gefnar þannig að tölulegur samanburður fái st. Einnkunnir eru gefnar þannig að fullyrðing fær 4 stig ef nemandi er mjög sammála henni, 3 stig ef hann er frekar sammála, 2 stig eru gefin ef nemandi er frekar ósammála og loks fæst eitt stig fyrir hana ef nemandi er mjög ósammála. Einkunn getur því hæst orðið 4 og lægst 1.

Í fyrsta flokki eru spurningar þar sem nemandi var beðinn um að leggja mat á áfangann.

Leggðu mat á áfangann	Haust 18	Vor 19	Haust 19	Haust 20	Vor 21	Haust 21
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður	3,6	3,6	3,5	3,5	-	3,4
Áfanginn er vel skipulagður	3,4	3,4	3,4	3,3	3,5	3,3
Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans	3,4	3,3	3,3	3,3	3,5	3,2
Meðaltal	3,5	3,4	3,4	3,4	3,5	3,3

Hér lækka einkunnir nokkuð frá síðustu önn/önnum. Ekki er auðvelt að láta sér detta í hug skýringar en óánægja með námsgögn (bækur, glærur, verkefni o.s.frv.) er eitthvað sem kennarar þurfa að skoða í framhaldinu. Hærri einkunnir á síðustu vorönn mætti hugsanlega skýra með því að þá voru nemendur búnir að vera í

fjarnámi meira og minna tvær annir á undan og ef til vill jákvæðari en áður þegar þeir lögðu mat á aðstæður í til staðnáms.

Í næsta flokki var spurt um kennsluna og viðmót kennara.

Leggðu mat á kennsluna	Haust 18	Vor 19	Haust 19	Haust 20	Vor 21	Haust 21
Ég er ánægður með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6	3,6	3,6	3,6
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,4	3,5	3,4	3,4	3,5	3,4
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.	3,6	3,4	3,5	-	-	3,4
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.	3,7	3,5	3,4	3,3	3,4	3,4
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.	3,4	3,3	3,2	-	-	3,2
Meðaltal	3,5	3,5	3,4	3,4	3,5	3,4

Hér standa einkunnir í stað að mestu og ekki margt sem hægt er að bæta nema helst að reyna að nota fjölbreyttari aðferðir í kennslunni. Eyðan fyrir skólaárið 20/21 eru vegna þess að ekki þótti við hæfi að spyrja um fjölbreyttar kennsluaðferðir þegar kennarar voru að bjarga málum og slökkva elda með því að setja sig inn í Teams og Zoom á einni nóttu.


Loks er nemandi beðinn um að taka afstöðu til tveggja staðhæfinga sem snúa að honum sjálfum og námi hans.

Leggðu mat á nám þitt í áfanganum	Haust 18	Vor 19	Haust 19	Haust 20	Vor 21	Haust 21
Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.	3,6	3,6	3,5	3,5	-	3,4
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.	3,4	3,3	3,3	3,3	3,5	3,0
Meðaltal	3,5	3,5	3,4	3,4	3,5	3,2


Hér er sérstaklega athyglisvert að sjá að seinni fullyrðingin þar sem nemandi segir að hann telji að námið muni gagnast sér í framtíðinni fær lang lægstu einkunn þessarar annar. Munurinn er þó ef til vill ekki alveg marktækur því á síðustu önn (v21) voru í úrtakinu margar af sérgreinum heilbrigðisskólans. Nemendur í þeim greinum eru að mennta sig til ákveðinna starfa í heilbrigðiskerfinu og því eðlilegt

að þeir sjái fram á að námið gagnist þeim í framtíðinni. Í úrtakinu núna voru nær eingöngu bóknámsáfangar og listgreinar þannig að ekki er víst að nemendur sjái gagnsemi áfanganna í framtíðarverkefnum. Það er þó umhugsunarefni þar sem að í úrtakinu voru áfangar í tungumálum og íslensku og sem ættu sannarlega að gagnist öllum nemendum í bráð og lengd.

Að lokum voru nemendur beðnir um að gefa kennaranum einkunn á skalanum 1 til 10. Einkunnir eru háar sem fyrr og yfir 40% nemenda gefa kennara sínum einkunnina 10.



Samanburður á einkunnagjöf síðustu anna sýnir þetta vel – einkunnir eru alltaf háar og meðaleinkunn er það líka að þessu sinni þó hún sé ekki jafnhá og á síðustu önn en þá var hún óvenjulega há.



Lokaorð

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er öllum skólum gert að framkvæma reglulega innra mat á skólastarfinu. Kennslumatið er liður í þessu og í þessum skóla er það lagt fyrir á hverri önn. Tilgangurinn er margþættur en helst má nefna:

- Kennarar fá upplýsingar um álit nemenda á kennslunni og geta nýtt sér þá vitneskju til að þróa starfið og gera breytingar þar sem það á við. Þeir geta einnig skoðað heildarniðurstöður og borið sig þannig saman við meðaltalið ef þeir kjósa.
- Stjórnendur fræðast um það sem er að gerast í kennslunni og fá upplýsingar sem nýtast í starfsmannasamtölum. Þetta veitir þeim tækifæri til að styðja kennara ef þarf, grípa til aðgerða þar sem það á við en líka til að hvetja og hrósa fyrir það sem vel er gert.
- Nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og ef vel tekst til með úrvinnslu og úrbætur sjá þeir gagnsemi kennslumats sem aftur gæti aukið vilja þeirra til að taka þátt á næstu önn eða í næsta kennslumati.
- Ávinningur er fyrir alla starfsemi skólans að geta borið saman niðurstöður milli ára og fylgst þannig með þróun skólastarfsins. Þetta er hluti af gæðastarfi skólans og tengist gæðamarkmiðunum sem miða öll að því að gera góðan skóla enn betri.
- Skýrsla um kennslu- og áfangamat er birt á heimasíðu skólans og er þar aðgengileg öllum þeim sem vilja fræðast um skólann og það starf sem hér fer fram.

Reykjavík 9. desember 2021

Jóna Guðmundsdóttir, gæðastjóri